

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2019

frá 29. mars 2019

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1559 frá 17. október 2018 um leyfi fyrir tinktúru úr kúmíni (*Cuminum cyminum* L.) sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1566 frá 18. október 2018 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaxýlanasa, sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (ATCC66222), sem fóðurukefni fyrir fráfarugrísí og aukategundir svína (eftir fráfarur) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1453/2004 (leyfishafi er Andrés Pintaluba S.A.) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1567 frá 18. október 2018 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/249 um leyfi fyrir táríni, betaalaníni, L-alaníni, L-arginíni, L-asparssýru, L-histidíni, D,L-ísólefsíni, L-lefsíni, L-fenýlalaníni, L-prólíni, D,L-seríni, L-týrósíni, L-meþíóníni, L-valíni, L-systeíni, glýsíni, mónónatríumglútamati og L-glútamínsýru sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir og L-systeínhydróklóríðmónónhýdrati fyrir allar dýrategundir, að undanskildum köttum og hundum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1568 frá 18. október 2018 um leyfi fyrir blöndu með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (DSM 32159), sem fóðurukefni fyrir öll svín og allar alifuglategundir ⁽⁴⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 261, 18.10.2018, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 31.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 34.

- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1zw (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004):

„– **32018 R 1566:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1566 frá 18. október 2018 (Stjtið. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 27).“

2. Eftirfarandi er bætt við 250. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/249):

„, breytt með:

– **32018 R 1567:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1567 frá 18. október 2018 (Stjtið. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 31).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 271. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1558):

„272. **32018 R 1559:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1559 frá 17. október 2018 um leyfi fyrir tinktúru úr kúmíni (*Cuminum cyminum* L.) sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 261, 18.10.2018, bls. 16).

273. **32018 R 1566:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1566 frá 18. október 2018 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaxýlanasa, sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (ATCC66222), sem fóðurukefni fyrir fráfarugrúsi og aukategundir svína (eftir fráfarur) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1453/2004 (leyfishafi er Andrés Pintaluba S.A.) (Stjtið. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 27).

274. **32018 R 1568**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1568 frá 18. október 2018 um leyfi fyrir blöndu með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (DSM 32159), sem fóðurukefni fyrir öll svín og allar alifuglategundir (Stjtíð. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 34).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/1559, (ESB) 2018/1566, (ESB) 2018/1567 og (ESB) 2018/1568, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.